

Könnunarviðræður um sameiningu Dalabyggðar og Húnapings vestra

Forsendur framtíðarsýnar
6. maí 2025



Efnisyfirlit

01	Um verkefnið	3
02	Sameining sveitarfélaga	7
03	Stjórnskipulag og stjórnsýsla	14
04	Fyrirkomulag þjónustu	19
05	Lýðfræði	24
06	Atvinnulíf og atvinnutekjur	30
07	Sameiginlegir hagsmunir	35
08	Fjárhagur	44
09	Tekjustofnar	53
10	Bein áhrif sameiningar á fjárhag	60
11	10 ára fjárhagsáætlun	65
12	Íbúasamráð	73

01

Um verkefnið

Verkefnisstjórn

Í desember 2024 ákváðu sveitarstjórnir Dalabyggðar og Húnaþings vestra að skipa verkefnisstjórn til að leiða óformlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaganna og vinna mat á því hvort fýsilegt er að hefja formlegar viðræður um sameiningu skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga sem lyki með íbúakosningu

Verkefnisstjórnin fundaði fjórum sinnum á verkefnis-tímanum og að haldnir voru samráðsfundir með íbúum sveitarfélögunum tveimur dagana 8. og 9. apríl 2025.

Samið var við KPMG ehf. um verkefnisstjórn og ráðgjöf. Í því fólst meðal annars aðstoð við gagnaöflun, greiningu gagna og skipulagning samráðsfunda.

Verkefnisstjórn:

Frá Húnaþingi vestra

- Magnús Magnússon, formaður
- Magnús Vignir Eðvaldsson
- Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri

Frá Dalabyggð

- Ingibjörg Þóranna Steinudóttir
- Skúli Hreinn Guðbjörnsson
- Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri

Um verkefnið

Verkefnið skiptist í fjóra meginþætti. Upplýsingum um sveitarfélögin og starfsemi þeirra var safnað saman og þeim gerð skil til að draga upp mynd af núverandi stöðu sveitarfélaganna. Á grundvelli stöðugreiningar hefur verkefnisstjórnin rætt framtíðarsýn fyrir sveitarfélögin hvort í sínu lagi og fyrir sameinað sveitarfélag. Á grundvelli niðurstaðna leggur verkefnisstjórnin til við sveitarstjórnir Dalabyggðar og Húnaþings vestra að hafnar verði formlegar viðræður um sameiningu.



Verkefnisstjórnun

Gerð verkefnisáætlunar, skipulagning funda, samskipti við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, innviðaráðuneyti og aðra hagsmunaaðila í samstarfi við formann verkefnisstjórnar.



Greining og stöðumat

Rýna núverandi stöðu á grundvelli fyrirliggjandi gagna og kortleggja áherslur, áskoranir og tækifæri. Sjónarmið íbúa og annarra hagsmunaaðila er aflað.



Mótun framtíðarsýnar

Áhrif sameiningar á stjórnsýslu, þjónustu og fjárhag metin og dregin upp mynd af kostum og ókostum fyrir íbúa.




Tillaga og ákvörðun

Mótuð tillaga til sveitarstjórna sem taka ákvörðun um það hvort hefja skuli formlegar viðræður.

Um verkefnið

Tímalína

Gert er ráð fyrir að viðræðurnar taki fimm til sex mánuði og að kosið verði um sameiningartillögu í desember. Verði sameiningin samþykkt er skipuð undirbúningsstjórn sem hefur um fimm mánuði til að undirbúa gildistöku nýs sveitarfélags. Fyrsta sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags yrði kosin í maí 2026 og tæki til starfa í júní 2026.



02

Sameining sveitarfélaga

Hvers vegna sameiningarviðræður?

Stefna stjórnvalda

Stefna stjórnvalda er að stuðla að aukinni sjálfbærni sveitarfélaga. Í því skyni er stefnt að því að ekkert sveitarfélag verði undir 1000 íbúum. Sveitarfélögum undir því marki eftir sveitarstjórnarkosningar 2026 er gert að hefja viðræður um sameiningu eða skila álit þar sem gerð er grein fyrir getu sveitarfélagsins til að sinna lögbundnum verkefnum og tækifærum sem felast í sameiningu við önnur sveitarfélög.

Vaxandi kröfur til sveitarfélaga

Lagakröfur varðandi skyldur sveitarfélaga eru alltaf að aukast, bæði varðandi verkefni og þær formkröfur sem gerðar eru í stjórnsýslu. Dæmi um slíkar kröfur eru kröfur varðandi sorphirðu og brunavarnir. Jafnframt eru vaxandi kröfur um upplýsingagjöf, málsmeðferð, skjalavistun og ábyrgð fjármálastjórn.

Aukin áhersla á sjálfbærni

Vaxandi áhersla er á að sveitarfélög séu sjálfbær í fjárhagslegu, félagslegu og umhverfislegu tilliti. Stærri sveitarfélög eru líklegri til að geta veitt nauðsynlega þjónustu og staðið undir kostnaði við veitingu hennar en minni sveitarfélög.



Kröfur íbúa til þjónustu

Íbúar hafa betra aðgengi að upplýsingum en áður, þekkja betur rétt sinn og gera meiri kröfur. Þeir bera þjónustu síns sveitarfélags saman við þjónustu annarra sveitarfélaga og vilja sambærilega þjónustu ef hún er betri.

Sameiginlegir hagsmunir

Sameiginlegir hagsmunir og góð reynsla af samstarfi sveitarfélaga í byggðasamlögum og öðrum samstarfsverkefnum leiðir oft til þess að sveitarstjórnarfolk skoðar sameiningu. Samstarfsverkefnum fylgir oft kostnaður og það hallar á lýðræðið þegar ákvörðunarvald er fært til byggðasamlags eða annars sveitarfélags.


Erfitt að manna hlutverk

Minnkandi áhugi á sveitarstjórnarmálum og þátttöku í nefndarstörfum gerir sveitarstjórnnum minni sveitarfélaga erfitt fyrir að manna nefndir og hlutverk fulltrúa sveitarfélagsins í samstarfsnefndum og stjórnunum félaga. Stærri sveitarfélög geta boðið sveitarstjórnarfólki upp á betri starfsaðstæður en minni sveitarfélög.

Lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags

Viðmið um íbúafjölda í sveitarfélögum

- Í sveitarstjórnarlögum er markið sett á að íbúar í hverju sveitarfélagi verði ekki færri en 1.000.
- Markmiðið er sett fram með áherslu á að fjölmenn sveitarfélög eigi auðveldara með að veita íbúum sínum lögbundna þjónustu en fámenn sveitarfélög. Einnig eru fjölmennari sveitarfélög talin líklegri til að geta staðið undir sjálfbærri starfsemi en fámennari sveitarfélög.
- Með lögbundinni þjónustu er átt við þjónustupætti á borð við rekstur grunnskóla, félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk.
- Sveitarfélögum með undir 1.000 íbúa hefur verið falið að hefja formlegar sameiningarviðræður eða skila álitum til innviðaráðuneytisins um getu sveitarfélagsins til að veita þjónustu og kosti sameiningar við annað eða önnur sveitarfélög.




Umboðskeðjan

Sambandið á milli kjósenda, pólitískra fulltrúa og starfsmanna er gjarnan kallað umboðskeðja.

Þegar sveitarstjórn semur við aðra sveitarstjórn um að veita þjónustu felst oftast í því framsal valds til ákvörðunartöku, t.d. um reglur og fjárveitingar. Kjósendur hafa þá ekki bein áhrif á það hver tekur ákvarðanir sem varða þá.

Þá er talað um að umboðskeðjan sé rofin.

Myndin sýnir rof í umboðskeðju þar sem sveitarfélag B veitir íbúum sveitarfélags A þjónustu samkvæmt þjónustusamningi.



Sameiningarviðræður

Óformlegar sameiningarviðræður

- Ólögbundið ferli.
- Könnunarviðræður.
- Mat á kostum og ókostum sameiningarvalkostar.
 - Íbúafundir og samráð.
- Möguleiki á stuðningi úr Jöfnunarsjóði.
- Sveitarstjórnir geta hætt þátttöku hvenær sem er.

Formlegar sameiningarviðræður

- Lögbundið ferli (119. gr. Sveitarstjórnarlaga).
- Sveitarstjórnir viðkomandi sveitarfélaga skipa samstarfsnefnd sem vinnur að undirbúningnum.
- Mat á kostum og ókostum sameiningar.
- Íbúafundir og samráð.
- Jöfnunarsjóði er skylt að veita framlög.
- Endar með kosningum íbúa um tillöguna.

Tekur um 4-12 mánuði.

Tekur um 6-12 mánuði fram að íbúakosningum um sameiningu.

Undirbúningur innleiðingar tekur um 6-12 mánuði fram að sveitarstjórnarkosningum.

Ferli sameiningarveitingaræðna



Könnunarveitingaræður

Janúar – apríl 2025

Verkefnisstjórn metur hvort ástæða sé til að taka upp formlegar veitingaræður á milli sveitarfélaganna



Ákvörðun um veitingaræður

Mái 2025

Sveitarstjórnir ákveða að taka upp formlegar veitingaræður og skipa samstarfsnefnd um sameiningu.



Tillögugerð og álit

Mái 2025 – nóvember 2025

Samstarfsnefnd vinnur að álit og undirbúningi atkvæðagreiðslu. Stöðumat og greining á fjárhag sveitarfélaganna. Samráð er haft við íbúa, starfsfólk og hagaðila eftir þörfum.



Kynning

Nóvember 2025

Samstarfsnefnd kynnir álit sitt á áhrifum sameiningar og framtíðarsýn fyrir sameinað sveitarfélag fyrir íbúum.



Sameiningarkosning

Desember 2025

Íbúar kjósa um sameiningartillögu. Einfaldur meirihluti þeirra sem greiða atkvæði ræður niðurstöðunni, sem er bindandi.



Undirbúningur

Desember 2025 – maí 2026

Ef sameiningin er samþykkt er skipað undirbúningsstjórn sem vinnur að undirbúningi gildistöku og innleiðingu.



Gildistaka

Júní 2026

Sameining tekur gildi þegar ný sveitarstjórn tekur við stjórn sveitarfélagsins, 15 dögum eftir sveitarstjórnarkosningar.

Samantekt greininga


- Íbúar beggja sveitarfélaga eru færri en 2.000. Dalabyggð verður undir lágmarksviðmiði sveitarstjórnarlaga eftir sveitarstjórnarkosningar árið 2026.
- Blikur á lofti varðandi framlög skv. frumvarpi um Jöfnunarsjóð. Búast má við lækkun um 50 m.kr. samanlagt.
- Hátt hlutfall íbúa býr í dreifbýli.
- Einn þéttbýliskjarni er í hvoru sveitarfélagi
- Byggðastofnun gerir ráð fyrir fækkun íbúa um 1-2% á ári til 2074. Bæði sveitarfélög gera ráð fyrir fjölgun.
- Nærri helmingur atvinnutekna verður til í opinberri stjórnsýslu, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónustu.
- Atvinnutekjur á hvern íbúa eru nokkru undir landsmeðaltali í báðum sveitarfélögum (Dalabyggð 25% og Húnaþingi vestra 22%).
- Sveitarfélögin standast viðmið laga um skuldaviðmið og rekstrarjafnvægi næstu ár gangi áætlanir eftir.
- Stuðningur Jöfnunarsjóðs við sameiningu og aukin framlög myndu styrkja reksturinn hvort heldur sem er í gildandi eða nýju úthlutunarkerfi.
- Útlit er fyrir að skuldaþekja* verði <1 í Húnaþingi vestra frá og með 2027 sem þýðir að taka þarf lán til að standa undir greiðslubyrði lána.
- Álagning á jafn verðmætar fasteignir í þéttbýli er eilítið hærri í Húnaþingi vestra en álagning á jafn verðmætar eignir í dreifbýli er um 5% hærri í Dalabyggð.
- Fasteignamat viðmiðunareigna Byggðastofnunar er hærri í Húnaþingi vestra en í Dalabyggð, að Borðeyri frátalinni, en þar er matið lægst.

* Skuldaþekja=Framlegð/(afborganir+vextir)


03

Stjórnskipulag og stjórnsýsla

Skipurit Dalabyggðar



Skipurit Húnaþings vestra



Fulltrúar í nefndum, ráðum og stjórnnum

Samanlagt skipa sveitarfélögin um 170 fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir, auk 22 fulltrúa í á aðalfundi og í fulltrúaráðum.

	Nefndir og notendaráð	Stjórnir og undirnefndir	Fulltrúar í samstarfsnefndum o.fl.
Dalabyggð	Byggðaráð Sveitarstjórn Atvinnumálanefnd Félagsmálanefnd Fræðslunefnd Kjörstjórn Menningarmálanefnd Umhverfis- og skipulagsnefnd Ungmennaráð Öldungaráð Dalabyggðar og Reykhólahrepps	Fjallskilanefnd Fellsstrandar Fjallskilanefnd Hvammssveitar Fjallskilanefnd Laxárdals Fjallskilanefnd Saurbæjar Fjallskilanefnd Skarðsstrandar Fjallskilanefnd Skógarstrandar Fjallskilanefnd Suðurdala Dalagisting ehf. (stjórn) Dalaveitur ehf. (stjórn) Fasteignafélagið Hvammur ehf. Fóðuriðjan Ólafsdal ehf. (stjórn) Menningar- og framfarasjóður Dalasýslu Minningarsjóður Finns Jónssonar frá Geirmundarstöðum Minningarsjóður Ólafs Finnssonar og Guðrúnar Tómasdóttur á Fellsenda Minningarsjóður Péturs T. Oddssonar prófests í Hvammi	Almannavarnanefnd Vesturlands Breiðafjarðarnefnd Byggðasamlag um Brunavarnir Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar Heilbrigðisnefnd Vesturlands Sorpurðun Vesturlands Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar Dalagisting ehf. (aðalfundur) Dalaveitur ehf. (aðalfundur) Fasteignafélagið Hvammur ehf. (aðalfundur) Fjölbrautaskóli Vesturlands (fulltrúaráð) Fóðuriðjan Ólafsdal ehf. (aðalfundur) Fulltrúar á aðalfundi SSV Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (aðalfundur) Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga Veiðifélag Laxár í Hvammssveit (aðalfundur) Veiðifélag Laxdæla (aðalfundur)
Húnaþing vestra	Byggðaráð Sveitarstjórn Félagsmálaráð Fræðsluráð Kjörstjórn Landbúnaðarráð Skipulags- og umhverfisráð Veituráð Ungmennaráð Öldungaráð Húnaþings vestra	Fjallskilastjórn Hrútafirði að austan Fjallskilastjórn Hrútafirði að vestan Fjallskilastjórn Miðfirði Fjallskilastjórn Vatnsnesi Fjallskilastjórn Vesturhópi Fjallskilastjórn Víðidal Stjórn Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna Stjórn Félags áhugamanna um endurbyggingu Riishúss Stjórn Náttúrustofu Norðurlands vestra Stjórn Reykjaeigna Stjórn Verslunarmínjasafns á Hvammstanga Húsnefnd Félagsheimilisins Ásbyrgi Húsnefnd Félagsheimilisins Víðihlíð Stjórn Jarðasjóðs Vestur-Húnavatnssýslu	Almannavarnanefnd Húnavatnssýslna Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra Samráðshópur í málefnum fatlaðs fólks Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (stjórn) Umdæmisráð barnaverndar Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands Framkvæmdaráð samnings um rekstur barnaverndarþjónustu Framkvæmdaráð samnings um þjónustusvæði um þjónustu við fatlað fólk Fulltrúaráð Farskóla Norðurlands vestra Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga Þing SSNV

Staða lögskyldra áætlana og verkefna hjá sveitarfélögunum

Hér má sjá stöðu lögskyldra áætlana og verkefna hjá sveitarfélögunum, vert er að hafa í huga að listinn er ekki tæmandi en hann gefur ákveðna innsýn í stjórnsýslulega stöðu.

		Dalabyggð	Húnaþing vestra
Samþykkt um stjórn og fundarsköp	(í gildi frá)	2021*	2024
Aðalskipulag	(gildistímabil)	2020-2032	2014-2026
Húsnæðisáætlun	(fyrir árið)	2024	2024
Jafnlaunavottun	(í gildi til)	2024	2025
Loftslagsstefna	(í gildi til)	2031	2028
Grunnskólastefna	(í gildi frá)	2023	2023
Leikskólastefna	(í gildi frá)	2023	2023
Jafnréttisáætlun	(gildistímabil)	2023-2026	2023-2026
Þjónustustefna	(í gildi frá)	2024	Í vinnslu
Siðareglur	(í gildi frá)	2013	2022

*Síðast breytt 2021

04

Fyrirkomulag þjónustu

Þjónusta Dalabyggðar

Fræðslumál og frístundir

Auðarskóli

- Leikskóli
- Grunnskóli
- Tónlistarskóli
- Mötuneyti

Laugar í Sælingsdal

- Sundlaug
- Íþróttahús

Íþróttamiðstöð í Búðardal
- í byggingu

Félagsþjónusta

Félagsleg liðveisla

Félagsleg ráðgjöf

Fjárhagsaðstoð

Heimaþjónusta

Félagslegar leiguíbúðir

Móttaka nýbúa

Barnavernd (tímabundið)



Menningarmál

Byggðasafn Dalamanna

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Héraðsskjalasafn Dalasýslu

Listasafn Dalasýslu

Félagsheimili:

- Árblik í Miðdölum
- Dalabúð, Búðardal
- Vínlandssetrið Leifsbúð
- Tjarnarlundur í Saurbæ

Stjórnsýsla og rekstur

Skrifstofa/stjórnsýsla

- Yfirstjórn
- Fjármál og skjalamál
- Skipulagsmál
- Byggingarmál (samstarf)

Áhaldahús

Brunavarnir (samstarf)

Tjaldsvæði

Nýsköpunar- og frumkvöðlasetur
Hafnir

- Smábátahöfnin í Búðardal
- Skarðsstöð á Skarðsströnd

Þjónusta Húnaþings vestra

Fræðslumál og frístundir

Grunnskóli Húnaþings vestra
Leikskólinn Ásgarður
Tónlistarskóli Húnaþings vestra
Námsverið á Hvammstanga
Skólabúðirnar Reykjaskóla
Dreifnám FNV
Íþróttamiðstöðin á Hvammstanga

- Sundlaug
- Íþróttahús
- Líkamsrækt

Kirkjuhvammsvöllur

Félagsþjónusta

Félagsleg liðveisla
Félagsleg ráðgjöf
Fjárhagsaðstoð
Heimaþjónusta
Félagslegar leiguíbúðir
Móttaka nýbúa



Menningarmál og atvinnumál

Héraðsskjalasafn Vestur-
Húnavatnssýslu
Bókasafn Húnaþings vestra
Félagsheimilið Hvammstanga
Byggðasafn Húnavetninga og
Strandamanna
Selasetur Íslands
Tæknismiðja (FabLab)
Tjaldsvæði

Stjórnsýsla og rekstur

Skrifstofa/stjórnsýsla

- Yfirstjórn
- Fjármál og skjalamál
- Skipulagsmál
- Byggingarmál

Áhaldahús

- Þjónustumiðstöð
- Hitaveita
- Vatnsveita
- Fráveita
- Hvammstangahöfn

Brunavarnir Húnaþings vestra

Þjónustusamningar sveitarfélaganna



Bæði Dalabyggð og Húnaþing vestra hafa gert samninga við önnur sveitarfélög um að þau sjái um ákveðna þjónustu við íbúa þeirra, sem sveitarfélögunum ber að veita. Með samningnum framselja sveitarfélögin vald til töku ákvarðana til sveitarstjórnar þess sveitarfélags sem veitir viðkomandi þjónustu.

Samningarnir ná til eftirtalinna verkefna:

Dalabyggð:

- a) Samningur um við Strandabyggð um þjónustu byggingarfulltrúa.

Húnaþing vestra:

- a) Samningur við Skagafjörð um rekstur barnaverndarþjónustu á Mið-Norðurlandi
- b) Samningur við Skagafjörð um rekstur þjónustusvæðis um þjónustu við fatlað fólk.

Samstarfsverkefni

Ekki er mikil hefð fyrir samstarfi á milli sveitarfélaganna enda tilheyra sveitarfélögin hvort sínum landshlutanum. Sveitarfélögin eru aðilar að eftirfarandi samstarfsverkefnum, auk aðildar að Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Dalabyggð

- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV)
- Umdæmisráð barnaverndar
- Almannavarnanefnd Vesturlands
- Heilbrigðisnefnd Vesturlands
- Breiðafjarðarnefnd
- Byggðasamlag um Brunavarnir Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar
- Sorpurðun Vesturlands hf.
- Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar
- Byggingarfulltrúi Árneshrepps, Dalabyggðar, Strandabyggðar, Kaldrananeshrepps og Reykhólahrepps (Strandabyggð er leiðandi sveitarfélag)

Húnaþing vestra

- Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV)
- Samningur við um rekstur barnaverndarþjónustu á Mið-Norðurlandi (Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag)
- Umdæmisráð barnaverndar
- Almannavarnanefnd Húnavatnssýslna
- Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra
- Samningur við um rekstur þjónustusvæðis um þjónustu við fatlað fólk (Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag)
- Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna (Húnaþing vestra er leiðandi sveitarfélag)

05

Lýðfræði


Íbúar sveitarfélaganna voru samanlagt 1.854 í upphafi árs 2024. Þar af bjuggu 642 í Dalabyggð og 1.212 í Húnaþingi vestra.

Samanlagður íbúafjöldi sveitarfélagana hefur haldist nokkuð stöðugur undanfarin ár. Íbúum Dalabyggðar hefur fækkað um 27 á síðustu 10 árum á meðan íbúum í Húnaþingi vestra hefur fjölgað um 54.


Íbúafjöldi 1. janúar 2025

Dalabyggð	645
Húnaþing vestra	1.203
Samtals	1.848

Aðfluttir umfram brottflutta 2004-2023



Kynjaskipting 2015-2024




Heimild: Hagstofa Íslands

Mannfjöldaspá sveitarfélaganna

Í mannfjöldaspám sveitarfélaganna í gildandi húsnæðisáætlun er gert ráð fyrir að íbúum á svæðinu fjölgi fram til ársins 2033. Í lágspá Dalabyggðar er gert ráð fyrir að íbúafjöldi standi í stað en Húnaþing vestra gerir ráð fyrir að íbúum fjölgi um 5 á ári. Í háspá er gert ráð fyrir að íbúum fjölgi um 25 á ári í Húnaþingi vestra og um 15 í Dalabyggð að meðaltali. Samanlagt er gert ráð fyrir að íbúum fjölgi um 5-40 að meðaltali á ári á tímabilinu.


Í mannfjöldaspá Byggðastofnunar, sem byggð er á miðspá Hagstofu Íslands fram til ársins 2074, er gert ráð fyrir að íbúum á svæðinu fækki um 1-2% árlega.

Mannfjöldaspá samkvæmt húsnæðisáætlunum



Heimild: Húsnæðisáætlanir sveitarfélaganna fyrir 2024

Íbúapróun frá 2006-2024 og spá til 2046




Heimild: Byggðastofnun

Aldurs- og kynjaskipting 2024


Karlar eru 52% íbúa í Dalabyggð og konur er um 50,5% íbúa í Húnaþingi vestra. Kynjahlutfallið í sameinuðu sveitarfélagi færi nærri því að vera jafnt. Karlar eru þó 13 fleiri en konur á svæðinu.

Aldurs og kynjaskipting í Dalabyggð 2024




Heimild: Hagstofa Íslands

Aldurs og kynjaskipting alls 2024




Aldurs og kynjaskipting í Húnaþingi vestra 2024



Dreifbýli og þéttbýli 2024


Bæði sveitarfélög eru dreifbýl en 50% íbúa í Húnaþingi vestra bjuggu í dreifbýli í byrjun árs 2024 og 62% íbúa í Dalabyggð. Samanlagt búa 1.000 manns í dreifbýli í sveitarfélögunum tveimur eða um 53% íbúa.

Dalabyggð - Íbúar í dreifbýli og þéttbýli




Heimild: Hagstofa Íslands

Sameinað sveitarfélag - Íbúar í dreifbýli og þéttbýli



Húnaþing vestra - Íbúar í dreifbýli og þéttbýli



Lýðfræðilegir veikleikar 2023

Mæling á lýðfræðilegum veikleikum er aðferðafræði sem er byggð á Nordregio Demography vulnerability index. Mælikvarðinn mælir hvort sveitarfélag sé öflugur og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi skv. þingsályktunartillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2023.

Mælikvarði á lýðfræðilega veikleika er einn af þeim þáttum sem stjórnvöld nota til þess að meta sjálfbærni sveitarfélaga. Stefnan er að sveitarfélög á Íslandi verði öflugar og sjálfbærar staðbundnar stjórnsýslueiningar og verði því meginstoð velferðar íbúanna.

Lýðfræðilegir veikleikar			
	Veikleiki ef	Dalabyggð	Húnaþing vestra
Fæðingartíðni	<10,5	6,2	2,5
Dánartíðni	>8,9	10,7	5,8
Aðfluttir umfram brottflutta	<0	15	-1
Hlutfall 0-14 ára	<17,3%	15,3%	15,1%
Hlutfall 15-24 ára	<12,0%	13,9%	13,9%
Hlutfall 25-54 ára	<39,1%	33,3%	36,6%
Hlutfall 55-64 ára	>12,0%	14,8%	11,6%
Hlutfall eldri en 64 ára	>19,5%	22,7%	22,9%
Konur - Karlar	<0	-26	13
Fjöldi kvenna á móti körlum (15-64 ára)	<93	97	105
Fjöldi veikleika		7	5

Lýðfræðilegir veikleikar eru auðkenndir með feitletrun
Heimild: Greining KPMG og Hagstofan.

Dalabyggð

Lýðfræðilegir veikleikar Dalabyggðar eru sjö.

- Fæðingartíðni
- Dánartíðni
- Hlutfall 0-14 ára
- Hlutfall 25-54 ára
- Hlutfall 55-64 ára
- Hlutfall eldri en 64 ára
- Kynjahlutföll

Húnaþing vestra

Lýðfræðilegir veikleikar eru fimm hjá Húnaþingi vestra.

- Fæðingartíðni
- Aðfluttir umfram brottflutta
- Hlutfall 0-14 ára
- Hlutfall 25-54 ára
- Hlutfall eldri en 64 ára

06

Atvinnulíf og atvinnutekjur

Atvinnuvegir

Dalabyggð (úr valkostagreiningu)

- Dalabyggð er búsældarlegt landbúnaðarhérað.
- Landbúnaður og matvælaframleiðsla eru stærstu atvinnuvegirnir og þá heilbrigðis- og fræðslustarfsemi.
- Dalabyggð liggur að Breiðafirði og nýtur hins einstaka umhverfis og lífríkis fjarðarins.
- Dýrmætar og vel þekktar laxveiðiar eru í Dalabyggð.
- Víða má finna lághitasvæði, hverir og laugar og má þar t.d. nefna Sælingsdal. Þá eru mörg sérstæð náttúrufyrirbæri sem draga að sér gesti.
- Vaxandi ferðaþjónusta hefur skapað ný störf sem hafa að hluta komið í stað starfa sem hafa tapast.

Húnaþing vestra (úr húsnæðisáætlun)

- Helstu atvinnuvegir í sveitarfélaginu er landbúnaður og þjónusta. Gjöfular laxveiðiar eru í sveitarfélaginu.
- Ferðaþjónusta hefur vaxið síðustu árin með margvíslegum afleiddum störfum sem skapar fjölbreyttara atvinnulíf og laðar að fleira fólk.
- Fjöldi lítilla fyrirtækja í þjónustu og iðnaði er hlutfallslega mikill miðað við íbúafjölda
- Fáir vinnustaðir telja fleiri en 20 manns ef sveitarfélagið sjálft er undanskilið.
- Á Hvammstanga er m.a. sláturhús, verslun, ýmiskonar iðnaður, heilsugæslustöð, hjúkrunarheimili og síðast en ekki síst er Fæðingarorlofssjóður staðsettur á Hvammstanga.
- Mikið er af sjálfstætt starfandi verktökum í sveitarfélaginu enda ýmiskonar þjónusta stór þáttur í atvinnustarfsemi á svæðinu.

Tekjur íbúa 2023

Atvinnutekjur á hvern íbúa 2023 voru um 4,3% hærri í Húnaþingi vestra en í Dalabyggð. Atvinnutekjur á hvern íbúa eru nokkru undir landsmeðaltali í báðum sveitarfélögum.

Dalabyggð er um 25% undir landsmeðaltali og um 21% undir meðaltali Vesturlands. Húnaþing vestra er um 22% undir landsmeðaltali og um 10% undir meðaltali síns landshluta, Norðurlands vestra, sem eru nokkru lægri en meðaltekjur Vesturlands.



Skipting tekna íbúa (þ.kr.)

Tekjuliður	Húnaþing vestra	Dalabyggð	Norðurland vestra	Vesturland	Landið
Launagreiðslur	3.442	3.400	4.177	4.647	4.989
Fjármagnstekjur	620	662	565	676	720
Lífeyrisgreiðslur	654	504	665	690	687
Bætur frá Tryggingastofnun og Sjúkratryggingum	660	598	592	508	459
Atvinnuleysisgreiðslur	34	16	17	35	57
Fæðingarorlofsgreiðslur	35	17	48	48	54
Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga	0	0	4	23	17
Aðrar staðgreiðsluskyldar greiðslur	13	35	22	27	36
Samtals	5.458	5.232	6.090	6.654	7.019

[Heimild: Byggðastofnun](#)

Atvinnutekjur eftir atvinnugreinum

Hlutfall opinberrar þjónustu í atvinnutekjum sveitarfélaganna tveggja er nokkru hærra en á landsvísu (16,3-19,5 prósentustig) og hlutfall landbúnaðar og skógræktar er um 4,5 prósentustigum yfir landsmeðaltali.

Hlutdeild greina í atvinnutekjum eftir sveitarfélögum					
Atvinnugrein	Húnaþing vestra	Dalabyggð	Norðurland vestra	Vesturland	Landið allt
Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta	45,6%	49,8%	39,1%	30,5%	30,3%
Verslun og viðgerðir á ökutækjum	9,6%	5,9%	11,4%	7,1%	10,2%
Fjármálastarfsemi og sérhæfð þjónusta	5,1%	1,9%	4,2%	4,1%	8,9%
Framleiðsla án fiskvinnslu	6,6%	14,4%	7,4%	18,2%	9,1%
Fiskveiðar og -vinnsla	4,0%	4,2%	11,9%	13,5%	5,5%
Flutningar og geymsla	2,1%	2,8%	2,8%	3,8%	6,7%
Byggingastarfsemi, mannvirkjagerð og vinnsla hráefna	7,2%	5,8%	7,3%	8,1%	7,5%
Sérfræði-, vísinda- og tæknileg starfsemi	2,3%	0,6%	2,9%	2,8%	5,4%
Upplýsingar og fjarskipti	0,8%	0,6%	0,9%	1,8%	5,2%
Gististaðir og veitingarekstur	7,5%	5,9%	4,0%	5,0%	5,2%
Önnur starfsemi	2,5%	1,5%	2,6%	2,2%	3,2%
Veitustarfsemi	1,9%	1,3%	2,3%	1,8%	1,9%
Landbúnaður og skógrækt	4,4%	4,6%	3,2%	1,0%	0,5%
Fiskeldi	0,3%	0,6%	0,0%	0,2%	0,5%
25% frávik(+/-) frá landsmeðaltali					

Heimild: Byggðastofnun

Ríkisstörf

Samkvæmt gögnum frá Byggðastofnun voru ríkisstörf á svæðinu 133 árið 2023 eða 11 fleiri en árið 2014. Störfunum fækkar um 2 í Dalabyggð en fjölgar um 13 í Húnaþingi vestra. Fjölgunin er um 9% en ríkisstörfum á landinu fjölgaði á sama tíma um 25%.

Íbúar 15-64 ára 1. janúar árið á eftir

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Dalabyggð	398	403	397	396	404	377	373	393	398	398
Húnaþing vestra	741	728	730	734	726	741	723	720	746	752
Íbúar	1139	1131	1127	1130	1130	1118	1096	1113	1144	1150

Fjöldi ríkisstarfa

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Dalabyggð	58	61	60	60	58	55	51	55	59	56
Húnaþing vestra	64	66	61	62	63	65	65	69	69	77
Ríkisstörf	122	127	121	122	121	120	116	124	128	133

Hlutfall ríkisstarfa af vinnuafli

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Dalabyggð	14,6%	15,1%	15,1%	15,2%	14,4%	14,6%	13,7%	14,0%	14,8%	14,1%
Húnaþing vestra	8,6%	9,1%	8,4%	8,4%	8,7%	8,8%	9,0%	9,6%	9,2%	10,2%
Hlutfall ríkisstarfa	10,7%	11,2%	10,7%	10,8%	10,7%	10,7%	10,6%	11,1%	11,2%	11,6%

Heimild: Byggðastofnun

07

Sameiginlegir hagsmunir

Sameiginlegir hagsmunir sveitarfélaganna

Dalabyggð og Húnaþing vestra eru um margt lík sveitarfélög. Hátt hlutfall íbúa býr í dreifbýli og atvinnuhættir eru svipaðir. Bættar vegasamgöngur, atvinnumál og afhendingaröryggi raforku eru íbúum beggja sveitarfélaga mikilvæg.

Meðal þeirra hagsmuna sem sveitarfélögin hafa barist fyrir eru:

- Bættar vegasamgöngur
- Endurbætur á hafnarmannvirkjum í Hvammstangahöfn
- Auknar atvinnutekjur
- Hærra menntunarstig
- Bætt skilyrði landbúnaðar
- Aukið afhendingaröryggi raforku og þriggja fasa rafmagn.
- Auknar fjárveitingar til lögreglu
- Fjarvinnsla
- Aðkoma ríkisins að uppbyggingu aðstöðu fyrir viðbragðsaðila vegna aukinnar umferðar ferðamanna
- Aukið fjarskiptaöryggi (GSM samband og 4G/5G)
- Samfélagsheimili
- Dreifnám
- Bættar almenningssamgöngur

Vegasamgöngur


Vegasamgöngur

Bæði Dalabyggð og Húnaþing vestra eru landmikil og dreifbýl sveitarfélög. Þjóðvegur nr. 1 liggur um Húnaþing vestra og vegtengingar við Vestfirði liggja um sveitarfélögin tvö. Samtals eru um 874 km héraðsvega, landsvega, tengivega og stofnvega í sveitarfélögunum tveimur. Þar af eru um 32% með bundnu slitlagi, eða 282 km.

Ástand vega er víða bágborðið og mikilvægt að úr því verði bætt, m.a. til þess að styrkja svæðið sem eitt atvinnusvæði.

Lengd vegakerfis eftir vegaflokkum			
Vegflokkur	Dalabyggð	Húnaþing vestra	Samtals
Héraðsvegir	85 km	99 km	184 km
Landsvegir	16 km	52 km	69 km
Stofnvegir	129 km	125 km	254 km
Tengivegir	169 km	198 km	367 km
Samtals	399 km	475 km	874 km

Yfirborð vega			
Sveitarfélag	bundið slitlag	malarvegur	Samtals
Dalabyggð	135	264	398
Húnaþing vestra	147	328	475
Samtals	282	592	873



Mkilvægar samgöngubætur


Með því að brúa Hrútafjörð og leggja bundið slitlag á Laxárdalsheiði væri hægt að auka líkur á að fært sé á milli landshluta þótt Holtavörðuheidi lokist.

Framkvæmdin myndi auk þess að tengja búsetusvæði sveitarfélaganna tveggja og skapa betri skilyrði fyrir samvinnu á milli þéttbýliskjarnanna í sameinuðu sveitarfélagi.

Víðidalsvegur (715) frá Þjóðvegi 1 vestan við Víðigerði og að Kolugljúfrum.

Miðfjarðarvegur (704) þaðan sem slitlagi sleppir sunnan við Laugarbakka og að Bjargi. Innstrandarvegur (68) frá Prestsbakka að Guðlaugsvík.

Miðfjarðarvegur (704) frá Staðarbakka að Brekkulæk
Víðidalsvegur (715) frá Þjóðvegi 1 við Víðidalsárbrú að Dæli.



Verkefni á samgönguáætlun


Vegurinn um Skógarstönd (Snæfellsvegur nr. 54) er lengsti stofnvegarkafli landsins sem enn er ekki er með bundnu slitalagi (52 km). Á honum eru Gert er ráð fyrir minniháttar viðgerðum á veginum á 1. tímabili samgönguáætlunar en meiriháttar úrbætur eru ekki á áætlun fyrr en á 2. og 3. tímabili samgönguáætlunar, þ.e. eftir 2029.

Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir að Vestfjarðavegur, frá Reykjadalssá að Haukadalsá verði endurgerður á 3. tímabili áætlunarinnar.

Í samgönguáætlun er einnig gert ráð fyrir fjárveitingu til lagfæringa á og lagningar bundins slitlags á Vatnsnesveg á árunum 2027, 2028 og á 2. tímabili áætlunarinnar. Arðsemi framkvæmdarinnar hefur verið metin 2%.

Lögð er áhersla á að framkvæmdum verði flýtt eins og kostur er

Með því að brúa Hrótafjörð væri hægt að auka líkur á að fært sé á milli landshluta þótt Holtavörðuheidi lokist, auk þess að tengja búsetusvæði sveitarfélaganna tveggja.



Hitaveitur

Hitaveita Dalabyggðar

Á árunum 1998–2002 var ráðist í átak af hálfu stjórnvalda til að halda áfram jarðhitaleit á Íslandi, í kjölfar þeirrar uppbyggingar sem átti sér að mestu stað á 8. og 9. áratugnum. Þetta átak bar góðan árangur, og í framhaldinu tóku nokkrar hitaveitur til starfa, þar á meðal Hitaveita Dalabyggðar. Hitaveitan var tekin í notkun í nóvember árið 2000 en RARIK keypti hitaveituna árið 2003 og hefur annast rekstur hennar síðan.



Hitastig vatns úr borholunum er um:

78-90°C

Djúpar vinnsluholur

2 

Staðsetning borholna:

Grafarlaug í Reykjadal 

Heimild: Stjórnarráðið, Skýrsla hitaveitur á Íslandi 2023

Hitaveita Hvammstanga – Húnaþing vestra

Hitaveita Hvammstanga hóf starfsemi árið 1972 og nýtir heitt vatn frá Ytri-Reykjum. Húnaþing vestra rekur sína eigin hitaveitu en í jarðhitakerfið hafa verið boraðar þrjár holur. Hitaveitan þjónar bæði íbúum Hvammstanga og Laugarbakka, auk sveitabæja í Miðfirði, austur um Línakradal í Víðidal, allt að sýslumörkum við Gljúfurá.



Hitastig vatns úr borholunum er um:

95-98°C

Djúpar vinnsluholur



Staðsetning borholna:

Ytri-Reykjum



Heimild: Stjórnarráðið, Skýrsla hitaveitur á Íslandi 2023

08

Fjárhagur

Almennt um fjármál sveitarfélaga



Fjárhagsleg viðmið í lögum og reglugerðum:

Jafnvægisregla

„Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.“

Skuldaregla

„Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.“

Fjármál sveitarfélagsins skiptast í A- og B-hluta

- **A-hluti:** starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum.
- **B-hluti:** fyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem sjálfstæðar einingar.



Meginregla um ábyrga fjármálastjórnun


Samkvæmt 64. gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Lögbundin viðmið um fjármál sveitarfélaga

Jafnvægisregla

Þriggja ára rekstrarniðurstaða Dalabyggðar hefur verið jákvæð frá 2022 en var neikvæð árin 2019-2021. Niðurstaða Húnaþings vestra fer lækkandi frá 2018 og er aðeins undir 0 árin 2022. Þriggja ára rekstrarniðurstaða er jákvæð í báðum sveitarfélögum samkvæmt áætlunum 2025-2028.


Þriggja ára rekstrarjöfnuður 2018-2028



Skuldaregla

Skuldastaða beggja sveitarfélaga er vel innan lögbundinna marka, sem eru 150% af reglulegum tekjum. Skuldaviðmið Dalabyggðar fer hækkandi vegna umfangsmikilla fjárfestinga og fer hæst í 104% árið 2026.

Skuldaviðmið skv. reglugerð 502/2012 2018-2028



Lágmarksviðmið eftirlitsnefndar sveitarfélaga

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga hefur gefið út viðmið um nokkrar fjárhagslegar lykiltölur sveitarfélaga miðað við skuldastöðu sem hlutfall af reglubundnum tekjum (skuldaviðmið). Hámark skuldaviðmiðs er 150%.

Ef sveitarfélag nær ekki lágmarksviðmiðunum er það talin vísbending um að sveitarfélagið eigi í erfiðleikum með að standa undir skuldbindingum sínum.


Tekið skal fram að lágmarksviðmið eftirlitsnefndar eru ekki lögbundin.

Lágmarksviðmið Eftirlitsnefndar					
Skuldaviðmið	50%	100%	150%	200%	250%
Framlegð / tekjur	5,0%	10,0%	15,0%	20,0%	25,0%
Rekstrarniðurstaða	>0	>0	>0	>0	>0
Veltufé / tekjur	2,5%	5,0%	7,5%	10,0%	12,5%
Veltufé / afb. lána og skuldbindinga	>1,0	>1,0	>1,0	>1,0	>1,0


Framlegð og veltufé frá rekstri 2024

Skuldastaða beggja sveitarfélaga er vel innan viðmiðunarmarka. Skuldaviðmið Dalabyggðar er 35% og skuldaviðmið Húnaþings vestra er 28%. Sveitarfélögin standast viðmið um framlegð og veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum.

Skuldaviðmið og framlegð sem hlutfall af tekjum
Samkvæmt ársreikningum 2024



Skuldaviðmið og veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum
Samkvæmt ársreikningum 2024




Veltufé/afborganir og rekstrarniðurstaða 2024

Sveitarfélögin voru bæði undir viðmiðum um jákvæða rekstrarniðurstöðu árið 2022.


Húnaþing vestra var undir viðmiði um veltufé/afborganir lána og skuldbindinga árið 2022 og Dalabyggð var undir viðmiðinu árið 2023 skv. ársreikningum.

Bæði sveitarfélög voru yfir viðmiðunum árið 2024 og gera ráð fyrir að svo verði áfram næstu ár í áætlunum.

Veltufé / Afborganir lána og skuldbindinga 2019-2028



Rekstrarniðurstaða 2019-2028



Rekstur sveitarfélaganna skv. ársreikningum 2024

Skuldaviðmiðið beggja sveitarfélaga er lágt og bæði stóðust jafnvægisreglu árið 2024.

Skuldir á íbúa eru 20% hærri í Dalabyggð en í Húnaþingi vestra og tekjur á íbúa í Húnaþingi vestra eru um um 10% hærri en í Dalabyggð.

Veltufjárhlutfall Húnaþings vestra er 24% hærra en í Dalabyggð og hlutfall framlegðar af tekjum er 100% hærra.

Ýmsar stærðir úr rekstri Dalabyggðar og Húnaþings vestra			
Lykiltölur 2024 - Samanlögð reikningsskil A- og B-hluta	Dalabyggð	Húnaþing vestra	Sameinað
Íbúar skv. ársreikningum	645	1.203	1.848
Veltufé frá rekstri	76.809	338.697	415.506
Skuldaviðmið	35,0%	28,0%	30,3%
Skuldir á íbúa (p.kr.)	1.567	1.304	1.396
Skuldahlutfall	84,0%	63,0%	69,8%
Tekjur á íbúa	1.867	2.073	2.001
Veltufé frá rekstri / tekjur	6%	14%	11%
Veltufjárhlutfall	1,62	2,01	1,85
Eiginfjárhlutfall	51,8%	56,1%	54,5%
Rekstarniðurstaða	46.426	264.661	311.087
Rekstarniðurstaða á íbúa	71	220	168
Jafnvægisregla 2024	85.622	256.377	341.999
Jafnvægisregla á íbúa 2024	133	213	185
Framlegð sem hlutfall af tekjum	7,8%	15,6%	13,1%
Starfsmenn í árslok	56	127	183
Stöðugildi í árslok	40	84	124

Ráðstöfun skatttekna 2021-2024

Bæði sveitarfélög ráðstöfuðu um helmingi tekna sinna til fræðslu og uppeldismála árið 2024, líkt og undanfarin ár. Hjá Dalabyggð var hlutfallið 49% af tekjum ársins, samanborið við 49,5% hjá Húnaþingi vestra.

Frá 2021 hefur munurinn verið hlutfallslega mestur á sameiginlegum kostnaði, lífeyrisskuldbindingum, æskulýðs- og íþróttamálum og umferðar og samgöngumálum. Þá er töluverður munur á fjármunatekjum og gjöldum.

Húnaþing vestra				
Ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka				
Aðalsjóður	2024	2023	2022	2021
Félagsþjónusta	11,7%	14,9%	9,8%	9,7%
Heilbrigðismál	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
Fræðslu- og uppeldismál	49,5%	49,5%	52,4%	52,8%
Menningarmál	4,6%	4,9%	5,7%	5,8%
Æskulýðs- og íþróttamál	7,7%	7,7%	8,8%	8,6%
Brunamál og almannavarnir	3,8%	3,2%	3,2%	3,1%
Hreinlætismál	0,4%	0,9%	2,8%	2,1%
Skipulags- og byggingarmál	2,2%	2,4%	2,9%	2,8%
Umferðar- og samgöngumál	4,7%	4,7%	5,1%	4,2%
Umhverfismál	2,8%	2,7%	3,0%	3,6%
Atvinnumál	1,3%	1,5%	1,9%	2,2%
Framlög til eigin sjóða	-	0,3%	0,1%	0,9%
Sameiginlegur kostnaður	8,2%	8,0%	8,5%	8,1%
Lífeyrisskuldbinding	2,3%	2,4%	1,8%	3,1%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-6,7%	-8,9%	-10,7%	-9,7%

Dalabyggð				
Ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka				
Aðalsjóður	2024	2023	2022	2021
Félagsþjónusta	17,3%	17,3%	4,2%	3,4%
Heilbrigðismál	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
Fræðslu- og uppeldismál	49,0%	49,7%	50,1%	51,7%
Menningarmál	8,1%	7,8%	7,3%	8,5%
Æskulýðs- og íþróttamál	3,6%	2,4%	6,4%	6,5%
Brunamál og almannavarnir	3,7%	3,7%	3,4%	3,4%
Hreinlætismál	2,9%	3,4%	3,6%	3,7%
Skipulags- og byggingarmál	3,3%	2,7%	2,6%	3,1%
Umferðar- og samgöngumál	1,4%	1,2%	1,6%	1,0%
Umhverfismál	1,4%	1,5%	1,6%	1,5%
Atvinnumál	2,6%	3,1%	2,5%	2,6%
Framlög til B hluta	-	-1,6%	0,9%	1,8%
Sameiginlegur kostnaður	14,2%	13,9%	16,5%	12,3%
Lífeyrisskuldb. Auk framlags til Brúar	1,9%	5,6%	6,6%	5,9%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-0,3%	-0,2%	-2,0%	2,9%

Niðurstaða málaflokka 2024

Sé niðurstaða hvers málaflokks á hvern íbúa borin saman má sjá að Dalabyggð ver hærri fjárhæðum á hvern íbúa í flesta málaflokka.

Mestur er munurinn á niðurstöðu málaflökkana „sameiginlegur kostnaður“ (um 98 þ.kr. á hvern íbúa) og „félagsþjónusta“ (um 95 þ.kr.á hvern íbúa).

Skatttekjur eru um 97 þ.kr. hærri á íbúa í Dalabyggð en í Húnaþingi vestra.

Niðurstöður málaflokka á hvern íbúa 2024 (þ.kr.)			
Aðalsjóður	Dalabyggð	Húnaþing vestra	Mismunur
Skatttekjur	-1.486	-1.389	97
Félagsþjónusta	257	162	-95
Heilbrigðismál	1	1	0
Fræðslu- og uppeldismál	729	688	-41
Menningarmál	120	64	-55
Æskulýðs- og íþróttamál	53	107	54
Brunamál og almannavarnir	55	53	-2
Hreinlætismál	43	6	-37
Skipulags- og byggingarmál	50	31	-19
Umferðar- og samgöngumál	21	66	45
Umhverfismál	21	39	18
Atvinnumál	38	18	-21
Sameiginlegur kostnaður	212	114	-98

Ef skoðaðir eru undirliðir þeirra málaflokka þar sem mestu munar, má sjá hvað orsakar mismuninn.

Þar munar mest um niðurstöðu vegna þjónustu við börn og unglinga, grunnskóla, skólamötuneytis, íþróttahúsa, sundlauga og félagsheimila. Þá munar talsverðu á skrifstofu rekstri sveitarfélagsins.

Niðurstaða helstu deilda á hvern íbúa 2024 (þ.kr)			
	Dalabyggð	Húnaþing vestra	Mismunur
21 Sameiginlegur kostnaður	211,5	113,8	97,7
21 4 Skrifstofur sveitarfélagsins	145,9	50,1	95,8
04 Fræðslu- og uppeldismál	728,7	687,5	41,2
04 2 Grunnskólar	499,6	458,5	41,1
04 1 Leikskólar og dagvistun	154,6	171,6	17,0
04 3 Skólamötuneyti	51,5	-	51,5
06 Æskulýðs- og íþróttamál	52,8	-107,2	160,1
06 5 Íþróttahús og sundlaugar	16,2	71,0	54,8
02 Félagsþjónusta	257,4	162,3	95,2
02 0 Sameiginlegir liðir	18,8	31,6	12,8
02 1 Félagsleg aðstoð	17,2	7,0	10,2
02 3 Þjónusta við börn og unglinga	170,4	18,8	151,6
02 4 Þjónusta við aldraða	13,3	24,2	10,9
02 5 Þjónusta við fatlaða	37,7	79,6	41,9
05 Menningarmál	119,7	64,5	55,3
05 6 Menningarhús - Félagsheimili	75,1	26,1	49,0

09

Tekjustofnar

Skattar og gjöld 2025

- Útsvar er hið sama í báðum sveitarfélögum.
- Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði er 0,025 prósentustigum hærri í Dalabyggð.
- Skattur á atvinnuhúsnæði er 0,18 prósentustigum hærri í Dalabyggð en í Húnaþingi vestra.



Gjaldskrá	Dalabyggð	Húnaþing vestra
Útsvar (%)	14,97%	14,97%
Fasteignaskattur A (íbúðarhúsnæði) ¹	0,500%	0,475%
Fasteignaskattur B (opinberar byggingar) ¹	1,320%	1,320%
Fasteignaskattur C (atvinnuhúsnæði) ¹	1,500%	1,320%
Lóðarleiga íbúðarlóðir	1,7% ¹	kr. 10,97 á m ²
Lóðarleiga atvinnulóðir	2% ¹	kr. 10,97 á m ²
Lóðarleiga ræktað land (kr. á m ²)	kr. 0,55	kr. 1,53
Fráveitugjald ¹	0,19%	0,21%
Gjald fyrir tæmingu rotþróa (0-2.000 l)	kr. 11.297	kr. 18.240
Vatnsgjald ¹	0,28% ²	0,27%
Sorpgjald	kr. 96.000	kr. 100.000
Sorpgjald dreifbýli	kr. 112.000	kr. 100.000
Leikskólagjald 8 tíma vistun (með fæði)	kr. 30.482	kr. 43.718


¹ Reiknast sem hlutfall af fasteignarmati eignar

² Hámarksvatnsgjald er kr. 66.598

Fasteignamat viðmiðunareignar 2025

- Viðmiðunareign samkvæmt skilgreiningu Byggðastofnunar er einbýlishús sem er 161,1 m² og 476 m³ á 808 m² lóð.
- Heildarfasteignamat er samanlagt verðmat fasteignar og lóðar og er mismunandi eftir matssvæðum.
- Í Dalabyggð tvö matssvæði; Búðardalur og Dalabyggð dreifbýli. Í Húnaþingi vestra eru þrjú matssvæði; Húnaþing vestra dreifbýli, Hvammstangi og Borðeyri.
 - Í Dalabyggð er fasteignamatið 32,9 – 35,8 m.kr. og húsmat nemur 29,6 – 31,7 m.kr.
 - Í Húnaþingi vestra er fasteignamatið á bilinu 21,6 – 48,9 m.kr. og húsmat er á bilinu 19,8 – 44,7 m.kr.

Fasteignarmat viðmiðunareignar (þ.kr.)



Heimild: Byggðastofnun

Fasteignir og matssvæði

Fasteignamat sambærilegra eigna á sambærilegum matssvæðum (t.d. í dreifbýli) er að jafnaði hærra í Húnaþingi vestra en í Dalabyggð. Lægst er matið á matssvæðinu „Borðeyri“ sem nær frá botni Hrútafjarðar og til strandarinnar vestan fjarðarins að mörkum Húnaþings vestra og Strandabyggðar.

Samkvæmt fasteignaskrá eru fasteignir alls um 1200 í Húnaþingi vestra og um 900 í Dalabyggð. Fasteignamat eignanna í Dalabyggð árið 2024 var um 17. mja.kr. en fasteignamat eigna í Húnaþingi vestra um 30 mja.kr.

Tekjur sveitarfélaganna af fasteignaskatti 2024 voru samtals um 305 m.kr. Þar af falla 188 m.kr. til í Húnaþingi vestra og 116 m.kr. í Dalabyggð.

Viðmiðunarhús Byggðastofnunnar 2025 (þ.kr.)			
Matssvæði	Heildarmat	Húsmat	Lóðarmat
Búðardalur	35.828.000	31.654.000	4.174.000
Dalabyggð annað	32.918.000	29.613.000	3.305.000
Hvammstangi	48.926.000	44.742.000	4.184.000
Borðeyri	21.622.000	19.800.000	1.822.000
Húnaþing vestra, dreifbýli	35.551.000	32.555.000	2.996.000

Tegund Eigna	Dalabyggð		Húnaþing vestra	
	Mat 2024 (m.kr.)	Eignir	Mat 2024 (m.kr.)	Eignir
Íbúðareignir	5.367	186	13.139	399
Jarðir	7.879	327	9.605	378
Óbyggðar lóðir og lönd	270	152	488	183
Sumarhús	1.785	123	1.719	87
Atvinnueignir	1.177	53	2.582	87
Stofnanir og samkomustaðir	999	22	1.675	33
Aðrar eignir	239	31	679	50
Samtals	17.714	894	29.887	1.217

Álagning fasteignaskatts 2024 (þ.kr.)				
Sveitarfélag	A-fl.	B-fl.	C-fl.2	Samtals
Dalabyggð	72.119	12.173	32.127	116.418
Húnaþing vestra	111.774	19.668	56.718	188.159
Samtals	183.893	31.840	88.845	304.578

Fasteignamat eftir tegundum eigna 2024

Samkvæmt gögnum frá Húsnæðismálastofnun hækkaði fasteignamat í Dalabyggð um 20% á milli áranna 2023 og 2024. Fasteignamat eigna í Húnaþingi vestra hækkaði um 12% á sama tíma.

Dalabyggð				
Tegund Eigna	Fjöldi	Fasteignamat 2023	Fasteignamat 2024	Breyting
Íbúðareignir	186	4.444.843.000	5.366.985.000	21%
Sumarhús	123	1.399.276.000	1.784.617.000	28%
Atvinnueignir	53	1.108.843.000	1.176.980.000	6%
Stofnanir og samkomustaðir	22	955.998.000	998.780.000	4%
Jarðir	327	6.411.656.000	7.878.742.000	23%
Óbyggðar lóðir og lönd	152	244.501.000	269.520.000	10%
Aðrar eignir	31	223.887.000	238.624.000	7%
Samtals	894	14.789.004.000	17.714.248.000	20%
Húnaþing vestra				
Tegund Eigna	Fjöldi	Fasteignamat 2023	Fasteignamat 2024	Breyting
Íbúðareignir	399	12.038.996.000	13.139.225.000	9%
Sumarhús	87	1.498.081.000	1.718.610.000	15%
Atvinnueignir	87	2.454.974.000	2.582.054.000	5%
Stofnanir og samkomustaðir	33	1.596.810.000	1.675.359.000	5%
Jarðir	378	8.007.790.000	9.604.996.000	20%
Óbyggðar lóðir og lönd	183	464.954.000	487.954.000	5%
Aðrar eignir	50	641.036.000	678.920.000	6%
Samtals	1.217	26.702.641.000	29.887.118.000	12%

Samanburður fasteigna gjalda

Samanburður álagningar á jafn verðmætar eignir skv. fasteignamati leiðir í ljós að:

- Lóðarleiga er lægri í Húnaþingi vestra en í Dalabyggð.
- Gjöld fyrir sorphirðu í þéttbýli í sveitarfélögunum eru svipuð en hærri í dreifbýli í Dalabyggð.
- Hámark er á vatnsgjaldi í Dalabyggð en ekki í Húnaþingi vestra. Vatnsgjaldið er því hærri í Húnaþingi vestra.
- Gjald fyrir förgun dýrahæja telst til fasteignagjalda í Dalabyggð en þjónustan er ekki í boði í Húnaþingi vestra.

Þéttbýli	Forsendur	Dalabyggð	Húnaþingi vestra	Mismunur
Íbúðarhús	52.650.000	263.250	250.088	-13.163
Lóðarleiga	4.840.000	82.280	8.535	-73.745
Sorphirða og förgun	Á heimili	96.000	100.000	4.000
Vatnsgjald ¹	52.650.000	66.598	142.155	75.557
Fráveitugjald	52.650.000	100.035	110.565	10.530
Álagning alls		608.163	611.342	3.179

¹ Í Dalabyggð er hámarksgjald fyrir vatn kr. 66.598.

Dreifbýli	Forsendur	Dalabyggð	Húnaþingi vestra	Mismunur
Íbúðarhús	31.200.000	156.000	148.200	-7.800
Útihús	42.906.000	214.530	203.804	-10.727
Jörð	3.112.000	15.560	14.782	-778
Sorphirða og förgun	Á heimili	112.000	100.000	-12.000
Förgun dýrahæja ²	41-80 ærgildi	89.398		-89.398
Rotþróargjald	3000-4.000 l	16.136	22.470	6.334
Álagning alls		603.624	489.256	-114.369

² Húnaþingi vestra sinnir ekki förgun dýrahæja og rukkar því ekki fyrir þá þjónustu.

Afslættir af fasteignasköttum og -gjöldum

Bæði sveitarfélög veita örorku- og ellilífeyrispegum afslátt af fasteignaskatti af eignum sem viðkomandi nýtir til eigin búsetu. Afsláttarflokkarnir eru fimm í Dalabyggð. Afsláttur á tekjubílinu

Dalabyggð

Einstaklingar

Neðri mörk	Efri mörk	Afsláttur
0 kr	5.355.099 kr	100%
5.355.100 kr	6.155.099 kr	75%
6.155.100 kr	6.955.099 kr	50%
6.955.100 kr	7.755.099 kr	25%
Tekjur yfir	7.755.099 kr	0%

Hjón / sambýlisfólk

Tekjur frá	Tekjur til	Afsláttur
0 kr	8.602.590 kr	100%
8.602.591 kr	9.402.590 kr	75%
9.402.591 kr	10.202.590 kr	50%
10.202.591 kr	11.002.590 kr	25%
Tekjur yfir	11.002.590 kr	0%

Hámark: 85.000 kr
 Gildir um: Fasteignaskatt og holræsagjald
 Skilyrði: Búseta og lögheimili

Húnaþing vestra

Einstaklingar

Neðri mörk	Efri mörk	Afsláttur
0 kr	4.930.000 kr	100%
4.930.001 kr	6.652.000 kr	1-100%
Tekjur yfir	6.652.000 kr	0%

Hjón / sambýlisfólk

Neðri mörk	Efri mörk	Afsláttur
0 kr	6.652.000 kr	100%
6.652.001 kr	8.797.000 kr	1-100%
Tekjur yfir	8.797.000 kr	0%

Hámark: 100.000 kr
 Gildir um: Fasteignaskatt
 Skilyrði: Búseta og lögheimili


10

**Bein áhrif sameiningar
á fjárhag**

Framlög Jöfnunarsjóðs vegna viðræðna

Úthlutun framlaga vegna kostnaðar sem hlýst af vinnu vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar, kynningar á sameiningartillögu og framkvæmd atkvæðagreiðslu samkvæmt a-lið 1. gr. reglna nr. 782/2020 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðssveitarfélaga.

Við mat á því hvað telst vera eðlilegur kostnaður við vinnu vegna undirbúnings sameiningar er tekið mið af eftirfarandi viðmiðunarfjárhæðum:



Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur samþykkt að greiða kostnað við óformlegra viðræður sveitarfélaganna.

Sameiningarframlög miðað við ársreikninga 2023

Ef sveitarfélögin sameinast greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga framlög til viðbótar við þau framlög sem sveitarfélögin njóta í dag vegna sameiningarinnar.

Samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs sem miðast við stöðu sveitarfélaganna í ársreikningum ársins 2023 væri um að ræða um 341 m.kr.

Framlög eru reiknuð út frá ársreikningi sveitarfélaganna árið fyrir sameiningu og yrðu greidd út á sjö ára tímabili samkvæmt nánara samkomulagi við Jöfnunarsjóð.

Framlag	Skýring	Dalabyggð	Húnaþing vestra	Samtals
Fast framlag	Til að standa straum af kostnaði við sameininguna sjálfa.	100 m.kr.	100 m.kr.	200 m.kr.
Skuldajöfnunarframlag	Til að jafna skuldastöðu sveitarfélaganna, greiða niður skuldir eða draga úr lántöku.	18 m.kr.	13 m.kr.	31 m.kr.
Byggðaframlag	Vegna neikvæðrar íbúðapróunar síðustu fimm ár frá sameiningarári.	81 m.kr.	29 m.kr.	110 m.kr.
Samtals		199 m.kr.	142 m.kr.	341 m.kr.

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Áætluð breyting á framlögum Jöfnunarsjóðs

Samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem gerð er á grundvelli ársreikninga sveitarfélaganna fyrir árið 2023 myndu útgjaldajöfnunarframlög hækka um 10,8 m.kr. á ári við sameiningu. Tekjujöfnunarframlag sameinaðs sveitarfélags væri um 236 þ.kr. lægra en tekjujöfnunarframlag Húnaþings vestra. Dalabyggð fær ekki tekjujöfnunarframlag.

Sameinað sveitarfélag hefði því fengið 10,6 m.kr. hærri framlög úr Jöfnunarsjóði en sveitarfélögin tvö miðað við forsendur ársins 2023.

Sveitarfélag	Tekjujöfnun	Útgjaldajöfnun	Samtals
Dalabyggð	0	168.783.655	168.783.655
Húnaþing vestra	6.236.177	304.599.768	310.835.945
Samtals	6.236.177	473.383.423	479.619.600
Sameinað sveitarfélag	6.000.211	484.182.850	490.183.062
Mismunur	-235.966	10.799.427	10.563.462

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Áætlun miðast við forsendur ársins 2023.

Áhrif breytinga á jöfnunarkerfi skv. frumvarpi

Á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem meðal annars kveður á um ný viðmið við úthlutun framlaga sjóðsins til sveitarfélaga.

Samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs myndu framlög til sveitarfélaganna tveggja lækka um 43,6 m.kr. árlega miðað við forsendur ársins 2024 ef frumvarpið nær fram að ganga. Tekið skal fram að frumvarpið getur tekið breytingum í meðförum Alþingis.

Breytingar á framlögum samkvæmt frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð			
Sveitarfélag	Nýtt úthlutunarlíkan	Núverandi regluverk	Fjárhagsleg áhrif
Dalabyggð	218.961 þ.kr.	233.583 þ.kr.	-14.622 þ.kr.
Húnaþing vestra	365.496 þ.kr.	394.477 þ.kr.	-28.981 þ.kr.
Samtals	584.457 þ.kr.	628.060 þ.kr.	-43.603 þ.kr.
Sameinað sveitarfélag	661.204 þ.kr.	*	
Mismunur	76.747 þ.kr.		

77 m.kr.

Sameinað sveitarfélag fengi um 76,7 m.kr. hærri framlög en sveitarfélögin fengu hvort í sínu lagi eða um 33 m.kr. meira en þau fá hvort í sínu lagi í núverandi úthlutunarkerfi.

*Upplýsingar um framlög til sameinaðs sveitarfélags miðað við sömu forsendur liggja ekki fyrir.

11

10 ára fjárhagsáætlun

Forsendur áætlana

Forsendur 2024-2028

- Fyrstu 5 árin byggja á samþykktum áætlunum sveitarfélaganna
- Í sameinuðu sveitarfélagi voru auknum framlögum frá jöfnunarsjóði bætt við og fjármögnun uppfærð til samræmis

Forsendur 2029-2035


Liður	Dalabyggð / Húnaþing Vestra	Sameinað svf.
Vísitala neysluverðs	Þjóðhagspá	Þjóðhagspá
Íbúapróun	HMS (lágspá)	HMS (lágspá)
Starfsmannafjöldi	50% fylgni við íbúapróun	50% fylgni við íbúapróun
Launapróun	Þjóðhagspá	Þjóðhagspá
Framlög jöfnunarsjóðs	Vísitala neysluverðs	Alm. framl. hækkuð og sameiningar framl.
Aðrir rekstrarliðir	Vísitala neysluverðs	Vísitala neysluverðs
Fjárfestingar	Meðaltal síðustu ára verðtryggt	Meðaltal síðustu ára verðtryggt
Fjármögnun	Til að mæta mánaðarútgjöldum	Til að mæta mánaðarútgjöldum

Rekstarjöfnuður

Aukin framlög jöfnunarsjóðs hafa umtalsverð áhrif á sameiginlegan rekstarjöfnuð til lengri tíma. Sameiningarframlögin lækka fjármögnunarpörf umtalsvert, sem sést skýrt síðustu árin, þegar framlögin eru dottin út. Rekstarjöfnuður þriggja ára er ~150 m.kr. hærri.


Dalabyggð og Húnaþing Vestra

Rekstarjöfnuður / jafnvægisregla



Sameinað sveitarfélag

Rekstarjöfnuður / jafnvægisregla




Framlegðarhlutfall

Framlegðarhlutfall beggja sveitarfélaga er yfir lágmarki (>10% af skuldaviðmiði) og hið sama á við um sameinað sveitarfélag. Að meðaltali er svigrúm Dalabyggðar um 70 m.kr. og Húnaþings Vestra um 27 m.kr., samanborið við um 170 m.kr. svigrúm sameinaðs sveitarfélags.

Dalabyggð og Húnaþing Vestra


Framlegðarhlutfall



1% af heildartekjum samsvarar: Dalabyggð = ~15 m.kr. / Húnaþing Vestra = ~27 m.kr. / Sameinað = ~42 m.kr.

Sameinað sveitarfélag

Framlegðarhlutfall




Veltufé frá rekstri / heildartekjum

Sveitarfélög eru yfir lágmarki, sem er 5% af skuldaviðmiði, sitt í hvoru lagi sem og sameinuð.

Að meðaltali er svigrúm sveitarfélaganna ~88 m.kr. samanborið við ~245 m.kr. svigrúm sameinaðs sveitarfélags.


Dalabyggð og Húnaþing Vestra

Veltufé frá rekstri



Sameinað sveitarfélag

Veltufé frá rekstri




1% af heildartekjum samsvarar: Dalabyggð = ~15 m.kr. / Húnaþing Vestra = ~27 m.kr. / Sameinað = ~42 m.kr.

Skuldaviðmið

Sveitarfélögin eru undir hámarki skuldaviðmiðs (150%) bæði sitt í hvoru lagi og sameinuð. Aukin framlög leiða til lægri fjármögnunarþarfar til sem skilar lægra skuldaviðmiði fyrir sameinað sveitarfélag samanborið við bæði Dalabyggð og Húnaþing Vestra.

Dalabyggð og Húnaþing Vestra


Skuldaviðmið



1% af heildartekjum samsvarar: Dalabyggð = ~15 m.kr. / Húnaþing Vestra = ~27 m.kr. / Sameinað = ~42 m.kr.

Sameinað sveitarfélag

Skuldaviðmið




Skuldaviðmið skv. reglugerð 502/2012 Hámark skuldaviðmiðs skv. reglugerð

Lögbundin viðmið um fjármál sveitarfélaga

Jafnvægisregla

Þrígga ára rekstrarniðurstaða Dalabyggðar hefur verið jákvæð frá 2022 en var neikvæð árin 2019-2021. Niðurstaða Húnaþings vestra fer lækkandi frá 2018 og er aðeins undir 0 árin 2022 og 2024. Þrígga ára rekstrarniðurstaða er jákvæð í báðum sveitarfélögum samkvæmt áætlunum 2025-2028.


Þrígga ára rekstrarjöfnuður 2018-2035



Skuldaregla

Skuldastaða beggja sveitarfélaga er vel innan lögbundinna marka, sem eru 150% af reglulegum tekjum. Skuldir Dalabyggðar vaxa vegna umfangsmikilla fjárfestinga til ársins 2026 og fer hæst í 100%.

Skuldaviðmið skv. reglugerð 502/2012 2018-2035



Forsendur

- Áætlanirnar byggðu á samþykktum áætlunum sveitarfélaganna og einföldum framreikningi á þeim
 - Einu breytingarnar í sameinuðu sveitarfélagi voru framlög jöfnunarsjóðs og fjármögnun
- Miðað við þessa sviðsmynd sést skýrt að áhrifa aukinna framlaga eru veruleg, bæði beint sem og í gegnum minni fjármögnunar sem leiðir til lægri vaxtagreiðslna til lengri tíma
- Þessar breytingar skila sér svo að lokum sem hækkun á fjárfestingargetu og / eða aukins svigrúms til að nýta fjármuni í önnur verkefni um ~60 m.kr. á ári

Framlög jöfnunarsjóðs										
	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	2034	2035
Breyting milli ára										
Drifkraftur	3,4%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%
Almenn framlög										
Breyting	10.500	10.763	11.032	11.307	11.590	11.880	12.177	12.481	12.793	13.113
Sameiningarframlög										
Heild	341.000									
Dreifing %	20%	20%	15%	15%	10%	10%	10%	0%	0%	0%
Sameiningarframlag	68.200	68.200	51.150	51.150	34.100	34.100	34.100	0	0	0
Samtals	78.700	78.963	62.182	62.457	45.690	45.980	46.277	12.481	12.793	13.113
<i>Aukið svigrúm / fjárfestingargeta</i>	<i>64.257</i>	<i>70.908</i>	<i>58.872</i>	<i>65.477</i>	<i>55.909</i>	<i>63.173</i>	<i>70.323</i>	<i>44.483</i>	<i>50.830</i>	<i>58.428</i>

12

Íbúasamráð

Íbúafundur 8. og 9. apríl 2025

Haldnir voru íbúafundir í Dalabúð í Búðardal þann 8. apríl og í Félagsheimilinu á Hvammstanga þann 9. apríl þar sem staða viðræðna var kynnt og leitað eftir sjónarmiðum íbúa. Fundirnir voru vel sóttir og þóttu heppnast vel.

Þrjár spurningar voru lagðar fyrir þátttakendur:

1. Hvaða tækifæri felast í sameiningu?
2. Hverjar eru áskoranirnar við sameiningu?
3. Hvað viljum við alls ekki missa?

Þeir íbúar sem mættu á fundina voru almennt hlynntir því að skoða kosti og ókosti sameiningar fyrir íbúa.

Helstu sjónarmið um sameiningu



Væntingar

- Hagræðing og bætt nýting
- Bætt þjónusta
- Sterkari rödd í hagsmunabaráttu, t.d. varðandi innviði og opinber störf
- Ráðum eigin framtíð



Áhyggjur

- Missir þjónustu og starfa við hagræðingu
- Fjarlægari og ópersónulegri stjórnsýsla
- Togstreita á milli samfélaga
- Of miklar væntingar um samlegð



Tækifæri

- Aukin sérhæfing í þjónustu
- Snúa við fólksfækkun
- Sterkara samfélag
- Fleiri og fjölbreyttari störf



Hvað þarf að tryggja

- Betri samgöngur
- Að þjónusta haldist og batni
- Byggja upp traust og samstöðu
- Fyrirbyggja togstreitu og jaðarsvæðavanda

Helstu væntingar til sameiningar

Bætt þjónusta og atvinna:

- Betri þjónusta t.d. í heilsugæslu, leik- og grunnskólum, félags- og íþróttastarfi.
- Fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifæri.
- Meiri möguleikar til að fá fagfólk og sérfræðinga til starfa.

Hagræðing og bætt nýting:

- Betri nýting á fjármagninu og mannauði.
- Færri embættismenn, skýrari stjórnsýsla.
- Hagkvæmari rekstur, sparnaður í yfirstjórn.
- Möguleiki á sérhæfðri þjónustu, t.d. í barnavernd, skóla- og heilbrigðismálum.

Samgöngubætur og innviðir:

- Brú yfir Hrútafjörð og göng undir Bröttubrekku.
- Bætt vegakerfi, malbik og vegasamgöngur.
- Þverun Hrútafjarðar bætir tengingar milli svæða.

Samfélagslegur ávinningur:

- Aukið sjálfstraust og möguleiki á að snúa fólksfækkun við.
- Samvinna í ferðaþjónustu og landbúnaði getur skapað ný tækifæri.
- Sterkara menningarlíf og samheldni.

Styrking og slagkraftur:

- Fjölgun íbúa og aukin áhrif.
- Meiri slagkraftur gagnvart ríki og í samgöngumálum.
- Sterkari sameiginleg rödd í hagsmunabaráttu.
- Öflugra samfélag og stjórnsýsla.

Helstu áhyggjur við sameiningu

Fjarlægð og ópersónuleg stjórnsýsla:

- Aukin fjarlægð við stjórnendur.
- Áhyggjur af minni íbúalýðræði.
- Erfitt að ná í þjónustu – ópersónuleg tenging.

Missir þjónustu og störfum:

- Hætta á fækkun stjórnunar- og opinberra starfa á minni svæðum.
- Ótti um að dvalarheimili, skólar og heilsugæsla verði skert eða sameinuð.
- Ótti um skerðingu á þeirri þjónustu sem nú er til staðar.

Landfræðileg og samfélagsleg togstreita:

- Áhyggjur af jaðarsvæðum sem gætu orðið útundan.
- Ólík svæðisbundin sjónarmið og þarfir.
- Rígur og sundrung milli samfélaga (hrepparígur).

Skortur á samlegð og undirbúningi:

Lítill fyrri samvinna á milli sveitarfélaga.

Óvissa um hvernig málamiðlanir nást þegar hagsmunir stangast á.

Skortur á sameiginlegri framtíðarsýn og undirbúningi.

Hvað þarf að tryggja?

Hvað þarf að tryggja ef til sameiningar kemur:

- Að þjónusta haldist og helst batni en skerðist ekki.
- Byggja upp traust, samstöðu og sameiginlega menningu.
- Vinna gegn hagsmunaátökum og jaðarsvæðavanda.
- Samgöngubætur strax (brú yfir Hrútafjörð mikilvægust).
- Tækifæri til að fjölga störfum og bjóða upp á faglegt vinnuumhverfi.



KPMG